

Afstaða Umhverfisstofnunar varðandi snyrtivörur með innihaldsefnum úr kannabisplöntunni

Samkvæmt 14. gr. reglugerðar um snyrtivörur (EB) nr. 1223/2009 sem innleidd er með reglugerð nr. 577/2013 með sama heiti skulu snyrtivörur ekki innihalda bönnuð efni sem skráð eru í II. viðauka reglugerðarinnar. Samkvæmt færslu 306 í II. viðauka reglugerðarinnar (*Skrá yfir efni sem eru bönnuð í snyrtivörum*) eru m.a. öll efni sem eru skráð í töflu viðauka I og II í alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1961 ólögleg sem innihald í snyrtivörum¹.

Í framangreindum alþjóðasamningi eru fíkniefni skilgreind sem hver þau efni sem talin eru upp í viðauka I eða II hvort heldur þau eru náttúruleg eða framleidd efnafræðilega. Listinn í viðauka I við samninginn inniheldur m.a. kannabis, kannabiskvoðu, kannabisútdrátt (þykkni) og kannabis tinktúrur (e. cannabis, cannabis resins, extracts and tinctures of cannabis.).

Samkvæmt samningnum eru eftirfarandi hugtök skilgreind eins og hér segir í þýðingu Umhverfisstofnunar:

- a. Kannabis: Blóm- og aldinsprotar kannabisplöntunnar (að undanskildum fræjum og laufblöðum ef blóm- og/eða aldinsprotarnir fylgja ekki með þeim) áður en búið er að draga út úr þeim kvoðuna (resín); sama hverju nafni sem þeir nefnast (e. „*Cannabis*“ means the flowering or fruiting tops of the cannabis plant (excluding the seeds and leaves when not accompanied by the tops) from which the resin has not been extracted; by whatever name they may be designated).
- b. Kannabisplantan: Sérhver planta sem tilheyrir kannabisættkvíslinni (e. „*Cannabis plant*“ means any plant of the genus *Cannabis*).
- c. Kannabiskvoða (resín): Öll kvoða/resín fengin úr kannabisplöntunni, hvort sem hún/þau er hrá eða hreinsuð (e. „*Cannabis resin*“ means the separated resin, whether crude or purified, obtained from the cannabis plant).

Með hliðsjón af ofangreindu og í samræmi við álit vinnuhóps um snyrtivörur á vegum ESB lítur Umhverfisstofnun svo á að:

1. Innihaldsefni sem fengin eru úr fræjum eða laufblöðum kannabisplöntunnar, s.s. olía, útdráttur (þykkni) eða duft, séu heimil í snyrtivörum, þar sem þau eru undanþegin miðað við skilgreiningu hugtaksins kannabis í alþjóðasamningnum um ávana- og fíkniefni sbr. 1. gr.
2. Öll innihaldsefni sem fengin eru úr hampi falla undir alþjóðasamninginn um ávana- og fíkniefni. Hampur er afbrigði kannabisplöntunnar sem er ræktaður sérstaklega vegna iðnaðarlegs tilgangs afurða plöntunnar. Sem afbrigði af kannabisplöntunni fellur hampur undir skilgreiningu hugtaksins kannabisplanta í alþjóðasamningnum. Þar af leiðandi gilda sömu takmarkanir um innihaldsefni sem eiga uppruna sinn úr honum og þeim sem eiga uppruna sinn úr kannabisplöntum.

¹ [Narcotics, natural and synthetic: All substances listed in Tables I and II of the single Convention on narcotic drugs signed in New York on 30 March 1961, https://www.unodc.org/unodc/en/commissions/CND/conventions.html](https://www.unodc.org/unodc/en/commissions/CND/conventions.html)

3. Aðeins innihaldsefni sem eiga uppruna sinn úr kannabisplöntum að því leyti sem þær falla innan gildissviðs alþjóðasamningsins um ávana- og fíkniefni séu ólögleg sem innihaldsefni í snyrtivörum í samræmi við færslu 306 í II. viðauka snyrtivörureglugerðarinnar (EB).

Hvað kannabídíól (e. cannabidiol, CBD) varðar þá er það ekki talið upp sem bannað efni í snyrtivörum í II. viðauka Evrópureglugerðarinnar um snyrtivörur.

Sérfræðinganefnd alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um fíkniefni hefur bent á að kannabídíól sé náttúrulegt efni sem finnst í kannabisplöntum, sem reyndar er einnig hægt að framleiða efnafræðilega, og ekki talið upp í viðaukum alþjóðasamningsins um ávana- og fíkniefni. Kannabídíól sem slíkt fellur því ekki undir alþjóðsamninginn og er leyfilegt sem innihaldsefni í snyrtivörum. Ef það er aftur á móti unnið úr hlutum kannabisplöntunnar sem falla undir samninginn, þ.e. blóm- eða aldinsprotum hennar, fellur það undir gildissvið hans og þar af leiðandi undir bann skv. færslu 306 í II. viðauka snyrtivörureglugerðarinnar.

Þegar rætt er um notkun á innihaldsefnum úr kannabisplöntunni í snyrtivörur er rétt að benda á að efnið delta-9-tetrahydrocannabinol (THC) finnst einnig í kannabisplöntunni en það er vímuefandi efni hennar og fellur því undir ávana- og fíkniefnalöggjöf. Þetta efni fylgir stundum með sem aukaafurð þegar verið er að vinna kannabídíól úr kannabisplöntunni ef blóm- og aldinsprotar eru hluti af hráefninu og gerir það að verkum að í snyrtivörur með innihaldsefni af slíkum uppruna eru ólöglegar á markaði.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af upplýsingum í CosIng² (Gagnagrunni framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með upplýsingum um innihaldsefni snyrtivara) lítur Umhverfisstofnun svo á að kannabíól sem framleitt er úr hráefnum sem koma fram í Töflu 1 hér að neðan sé ólöglegt innihaldsefni í snyrtivörum, en kannabídíól sem framleitt er úr hráefnum sem koma fram í Töflu 2 séu lögleg sem innihaldsefni í snyrtivörum.

Tafla 1

INCI tilvísun (sbr. CosIng gagnagrunnur ESB)	Bann skv. reglugerð (EB) 1223/2009
Cannabis and Cannabis resin; Cannabis sativa, ext. (Substance)	Færsla 306 í II. viðauka.
CANNABIS SATIVA FLOWER EXTRACT	Færsla 306 í II. viðauka.
CANNABIS SATIVA FLOWER/LEAF/STEM EXTRACT	Færsla 306 í II. viðauka.
CANNABIDIOL, plant-derived	Færsla 306 í II. viðauka.

Tafla 2

INCI tilvísun (sbr. CosIng gagnagrunnur ESB)	Bann skv. reglugerð (EB) 1223/2009
CANNABIS SATIVA LEAF EXTRACT	Nei
CANNABIS SATIVA SEED OIL	Nei
CANNABIS SATIVA SEED EXTRACT	Nei

² [CosIng](https://ec.europa.eu/growth/sectors/cosmetics/cosing_en): The European Commission database for information on cosmetic substances and ingredients
https://ec.europa.eu/growth/sectors/cosmetics/cosing_en

CANNABIS SATIVA SEED OIL GLYCERETH-8 ESTERS	Nei
CANNABIS SATIVA SEED OIL PEG-8 ESTERS	Nei
CANNABIS SATIVA SEEDCAKE	Nei
CANNABIS SATIVA SEEDCAKE POWDER	Nei
HYDROLYZED CANNABIS SATIVA SEED EXTRACT	Nei
CANNABIS SATIVA STEM POWDER	Nei
CETYLDIMETHYLAMINE HYDROLYZED HEMPSEEDATE	Nei
DECYL HEMPSEEDATE	Nei
HYDROGENATED HEMP SEED OIL	Nei
HYDROLYZED HEMP SEED EXTRACT	Nei
HYDROLYZED HEMP SEED PROTEIN	Nei
HYDROLYZED HEMP SEED PROTEIN HYDROXYPROPYLTRIMONIUM CHLORIDE	Nei
POLY(DIMER HEMPSEED OIL)	Nei
POTASSIUM HEMPSEEDATE	Nei
SODIUM HEMPSEEDAMPHOACETATE	Nei
CANNABIDIOL, synthetically produced	Nei
CANNABIS SATIVA/LEAF/STEM WATER	Nei

1. útgáfa 15.janúar 2020